

# ✉ Umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins um nýtingarleyfi á kalkpörungaseti í Ísafjarðardjúpi

Búið til	9.10.2020 10:02:27
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	9.10.2020 10:02:27
Tilheyrir	📁 202009-0035 - Umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins um nýtingarleyfi á kalkpörungaseti í Ísafjarðardjúpi

## Efni

Umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins um nýtingarleyfi á kalkpörungaseti í Ísafjarðardjúpi

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	9.10.2020 10:02:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	os@os.is, kg@os.is, harpa@os.is

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0035 (TB)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 14. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins um nýtingarleyfi á kalkpörungaseti í Ísafjarðardjúpi. Um er að ræða efnistöku á allt að 120.000 m<sup>3</sup> af seti á ári í 30 ár. Unnið verður á um 20% af kortlögðu flatarmáli kalkpörungabotns í Ísafjarðardjúpi en efni tekið af um 7% af því svæði skv. áætlunum. Kalkpörungar er á list OSPAR samningsins sem mikilvæg búsvæði í hættu vegna mikillar efnistöku víða um heim. Ljóst er að efnistaka kalkpörunga getur ekki flokkast sem sjálfbær nýting.

Eins og kemur fram í gögnum málsins hefur fyrirhuguð efnistaka farið í mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir en taka þarf tillit til þess í leyfisveitingum verði að þeim. Svo virðist sem skipulagsmálum sem varða framangreinda vinnslu á kalkpörungaseti sé ekki lokið. Þrátt fyrir að Skipulagsstofnun telji að matsskýrslan hafi uppfyllt skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum þá telur stofnunin að til staðar sé óvissa um áhrif efnisnáms á kalkpörungum á umhverfi sitt, fyrst fremst á botndýralíf. Skipulagsstofnun telur að um sé að ræða veruleg áhrif á botndýralíf. Að mati Náttúrufræðistofnunar er einnig mikil óvissa um áhrif á annað lífríki sem er háð botndýralífi. Jafnframt er mikil óvissa um fyrirætlaðar mótvægisáðgerðir, þ.e. að færa lifandi lag kalkpörunga yfir á röskuð svæði. Skipulagsstofnun, í niðurstöðu álits síns, leggur áherslu á að í leyfisveitingum sé gert ráð fyrir að vakta þurfi árangur af boðuðum mótvægisáðgerðum og að bregðast þurfi við ef mótvægisáðgerðir duga ekki.

Niðurstaða

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar þá telur stofnunin, eðli málsins samkvæmt, að alvarlegustu áhrif af fyrirhugaðri framkvæmd verði á lífríki í hafi þ.e. botndýralíf og vistkerfi í sjó. Í þessu sambandi er vísað m.a. í OSPAR samninginn og umsagnir í mati á umhverfisáhrifum auk þess sem efnistaka á kalkþörungasetri getur ekki talist sjálfbær nýting. Með þetta í huga getur Náttúrufræðistofnun ekki mælt með að veitt sé leyfi til vinnslu á kalkþörungaseti. Verði leyfi veitt þarf að tryggja vöktun/rannsóknir bæði áhrifum af vinnslunni á lífríki þeirra svæða þar sem vinnslan fer fram sem og að vakta þarf áhrif/árangur af mótvægisáðgerðum. Ef í ljós koma alvarleg áhrif á lífríki í Ísafjarðardjúpi og að mótvægisáðgerðir bera ekki árangur þarf að vera ljóst hvað eigi að felast í viðbragðsáætlun (stöðvun á efnistöku eða tilfærslu ?) sbr. niðurstöðu Skipulagsstofnunar ef mótvægisáðgerðir duga ekki.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)